



## AÐALFUNDUR EININGAR-IÐJU

Menningarhúsinu HOFI

16. apríl 2013

kl. 19:30

# Aðalfundur félagsins 16. apríl 2013

## Dagskrá

1. *Fundarsetning/fundarstjóri.*
2. *Skýrsla stjórnar.*
3. *Reikningar félagsins.*
4. *Lýst kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og skoðunarmanna.*
5. *Kosning löggilts endurskoðanda félagsins.*
6. *Veiting gullmerkis félagsins.*
7. *Kaffihlé.*
8. *Tillaga að breytingum á reglugerð sjúkrasjóðs.*
9. *Kosnir tveir fulltrúar í kjörstjórn og tveir til vara.*
10. *Kosið í fastanefndir félagsins og stjórnir.*
11. *Kosning 31 fulltrúa á ársfund Stapa lífeyrissjóðs*
12. *Ákvörðun um stjórnarlaun aðalstjórnar.*
13. *Tillaga um að rita sögu félagsins*
14. *Önnur mál.*

# Eining-Iðja

## Ársreikningur 2012

Efnisyfirlit	bls.
Ársskýrla .....	2
Skýrla stjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	14
Áritun skoðunarmanna .....	15
Yfirlit um rekstrarrafkomu félagsins .....	16
Yfirlit um efnahag félagsins .....	17
Rekstrarreikningur félagssjóðs .....	18
Efnahagsreikningur félagssjóðs .....	19
Efnahagsreikningur félagssjóðs .....	20
Rekstrarreikningur sjúkrasjóðs .....	21
Efnahagsreikningur sjúkrasjóðs .....	22
Rekstrarreikningur orlofssjóðs .....	23
Efnahagsreikningur orlofssjóðs .....	24
Rekstrarreikningur vinnudeilusjóðs .....	25
Efnahagsreikningur vinnudeilusjóðs .....	25
Rekstrarreikningur fræðslusjóðs .....	26
Efnahagsreikningur fræðslusjóðs .....	27
Rekstrarreikningur byggingarsjóðs .....	28
Efnahagsreikningur byggingarsjóðs .....	29
Rekstrarreikningur hússjóðs Dalvíkur .....	30
Efnahagsreikningur hússjóðs Dalvíkur .....	31
Rekstrarreikningur hússjóðs Siglufjarðar .....	32
Efnahagsreikningur hússjóðs Siglufjarðar .....	33
Rekstrarreikningur skrifstofu Einingar-Iðju .....	34
Samandreginn rekstrarreikningur .....	35
Samandreginn efnahagsreikningur .....	36
Sjóðstreymi .....	37
Skýringar og sundurliðandir .....	38
Dagskrárlíður 4 – Stjórn, skoðunarmenn og trúnaðarráð .....	43
Dagskrárlíður 5 - Löggiltur endurskoðandi félagsins .....	44
Dagskrárlíður 9 - Kjörstjórn .....	45
Dagskrárlíður 10 - Fastanefndir félagsins og stjórnir .....	45
Dagskrárlíður 11 - Fulltrúar á ársfund Stapa líseyrissjóðs .....	45
Dagskrárlíður 12 - Stjórnarlaun .....	46
Dagskrárlíður 13 – Ritun á sögu félagsins? .....	46

## Árskýrsla

Stéttarfélagið Eining-löja var stofnað þann 15. maí 1999. Félagið var stofnað við sameiningu Verkalýðsfélags Einingar og löju félags verksmiðjufólks. Fullgildir félagsmenn í árslok 2012 voru 6.249.

### Starfsemin á árinu

Starfsemin á árinu var með svipuðu sniði og árið áður. Félagið rekur skrifstofur á Akureyri, Dalvík og Siglufirði. Á árinu 2008 sameinaðist almenna deild Vöku á Siglufirði Einingu-löju.

Laun formanns á árinu námu kr. 7.276.097 og laun stjórnar kr. 2.941.200.

### Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Einingar-löju staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2012 með áritun sinni.

Akureyri, 21. mars 2013.

#### Stjórn

Björn Smagjaimsson  
Sigridur H. Bjarkadóttir  
Guðrún J. Þorbjarnardóttir  
Margrét Jónsdóttir  
Anna Jóhannsdóttir  
Margrét Ólafsdóttir  
Róbert Þorsteinsson  
Ingvær Kristjánsson  
Páður Kristjánsdóttir  
Ívar Ólafsson  
Jón Ólafsson  
Stefán Ólafsson

# Skýrsla stjórnar

## Starfssvæði félagsins

Starfssvæði Einingar-Iðju er Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu. Einnig Svalbarðsstrandar- og Grytubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.

Varnarþing og heimili félagsins er á Akureyri.

## Félagsgjald

Félagsgjald er 1% af öllum launum. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

## Atvinnuleysisbætur

Í lok árs 2012 voru 327 félagsmenn Einingar-Iðju á atvinnuleysisskrá, þ.e.a.s. þeir sem létu draga af sér félagsgjöld af atvinnuleysisbótunum. Því miður er alltaf eitthvað um að fólk láti ekki draga af sér slík gjöld og tapi þar með réttindum. Þetta er fækkun um 13 einstaklinga frá árinu á undan.

## Starfsmenn

Matthildur Sigurjónsdóttir og Bjarki Þór Baldvinsson létu af störfum á starfsárinu. Í þeirra stað voru ráðin Anna Júlíusdóttir og Dalrós J. Halldórsdóttir. Anna er varaformaður félagsins en Dalrós starfar sem ráðgjafi hjá VIRK Starfsendurhæfingarsjóði.

*Starfsmenn félagsins eru:*

Anna Júlíusdóttir, Ásgrímur Örn Hallgrímsson, Björn Snæbjörnsson, Brynja Skarphéðinsdóttir, Freydís Antonsdóttir, Íris Björk Árnadóttir, Margrét Einarsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Sigrún Lárusdóttir og Þorsteinn E. Arnórsson. Anna Guðny Guðmundsdóttir, Dalrós J. Halldórsdóttir, Elsa Sigmundsdóttir og Nicole Kristjánsson eru ráðgjafar hjá VIRK.

## Lykiltölur

### Tekjur

	2012	2011
Félagsgjöld .....	115.672.779	105.301.322
Sjúkrasjóðsgjöld .....	92.265.208	83.774.433
Orlofssjóðsgjöld .....	45.023.417	41.838.611
Húsaleiga .....	21.705.433	19.693.664
Aðrar tekjur .....	31.215.923	24.654.155
Samtals tekjur .....	305.882.760	275.562.185

### Gjöld

Styrkir til félagsmanna .....	108.189.130	98.784.222
Rekstur og viðhald fasteigna .....	53.763.356	41.713.029
Rekstrarkostnaður og afskriftir .....	164.636.566	154.033.841
Samtals gjöld .....	326.589.052	294.531.092
<i>Fjármagnsliðir .....</i>	<i>26.355.180</i>	<i>29.139.974</i>
<i>Hreinar tekjur til ráðstöfunar .....</i>	<i>3.568.888</i>	<i>3.573.996</i>

## Svæðisfulltrúar

Hjá féluginu starfa fimm svæðisfulltrúar sem staðsettir eru á jafnmögum þéttbýlisstöðum utan Akureyrar. Þetta eru þau Guðrún Þorbjarnardóttir í Hrísey, Hafdís Kristjánsdóttir í Ólafsfirði, Ingvar Örn Sigurbjörnsson á Dalvík, Margrét Jónsdóttir á Siglufirði og Róbert Þorsteinsson á Grenivík.

## Stjórn Einingar-Iðju 2012-2013

Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður og Halldóra H. Höskuldsdóttir ritari.

*Formenn deilda:* Ingvar Kristjánsson, Margrét H. Marvinsdóttir og Sigríður K. Bjarkadóttir.

*Varaformaður stærstu deildarinnar:* Stefán Aðalsteinsson

*Svæðisfulltrúar:* Guðrún Þorbjarnardóttir, Hafdís Kristjánsdóttir, Ingvar Örn Sigurbjörnsson, Margrét Jónsdóttir og Róbert Þorsteinsson, sem kom inn í stjórn þegar hann tók við sem svæðisfulltrúi Grýtubakkahrepps í stað Marsibil E. Kristjánsdóttur.

## Almenn starfssemi og þjónusta

Starfsmenntastyrkir .....	700
Styrkir úr sjúkrasjóði .....	2.121
Orlofshús og styrkir .....	1.188
Orlofsferðir og leiksýningar .....	226
<b>Samtals</b>	<b>4.235</b>
<i>Árið 2011 voru sambærilegar tölur</i>	<i>4.354</i>

## Helstu styrkir úr félagssjóði

Mæðrastyrksnefnd .....	600.000
Menntaskólinn á Tröllaskaga .....	300.000
Tilvísun á Hreyfingu .....	200.000
Aflið .....	100.000
Haflidi SI-2 á Siglufirði .....	20.000



## Félagatal

Aðalfélagar	Svæðisráð	Starfsgreinadeildir				
		2012*	2011*	2010	2009	2008
2012	6.249	1.301				
2011	7.349	1.422	Opinbera deildin	1.384	1.457	2.815
2010	7.080	1.533	Matvæla- og þjónustu.	1.783	1.732	3.931
2009	8.095	1.511	Iðnaðar- og tækjadeild	802	819	1.777
2008	7.801	1.489				2.001

\* Frá og með 2011 er fjöldi reiknaður út frá greiðandi félagsmönnum

## Fjárveitingar úr sjúkrasjóði 2012

	Fjöldi	Upphæð
Dagpeningar .....	191	77.362.461
Útfifararstyrkir.....	23	3.820.000
Bætur samtals	214	81.182.461
<i>Styrkir til félagsmannna</i>		
Sjúkraþjálfun og sjúkranudd.....	707	11.727.442
Krabbameinsskoðun.....	314	1.083.720
Líkamsrækt .....	598	5.086.766
Aðrir styrkir (gleraugu, heyrnartæki o.fl.) .....	288	4.289.799
<i>Styrkir til sjóðsfélaga samtals</i>	1.907	22.187.727
<i>Bætur og styrkir til félagsmannna úr sjúkrasjóði 2012</i>	2.121	103.370.188

## Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2012-2013

Aðalmenn: Sigrún Lárusdóttir, Jakob Tryggvason og Lára Einarsdóttir.

Varamenn: Sólveig Jónasdóttir, Valborg Aðalgeirs dóttir og Hulda Einarsdóttir.

## Námskeið frá síðasta aðalfundi

Á starfsárinu er búið að halda nokkur trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélög í Alþýðuhúsinu. Mjög góð þátttaka var á námskeiðunum og er gott er að fá nemendur frá fleiru en einu félagi því þá koma fram sjónarmið frá ólíkum starfsgreinum.

16 félagsmenn sátu dyravarðanámskeið sem haldið var í samvinnu við Sýslumanninn á Akureyri.



Þrjú námskeið í austurlenskri matargerð voru haldin og ætluðu 42 að taka þátt í þeim. 11 mættu á námskeið sem haldið var í Hrísey en aðeins komust 11 af 31 sem ætluðu að koma á námskeiðin á Akureyri sl. haust, því veðrið var mjög slæmt. 19 þáttakendur töku þátt í tveimur

námskeiðum í jólakortagerð. 38 sátu fjögur námskeið í skrautkertagerð, þar af var eitt í Fjallabyggð, og 10 sátu tölvunámskeið fyrir byrjendur sem haldið var í samstarfi við SÍMEY.

## Starfsmenntasjóðir

Tengiliður við starfsmenntasjóðina þrjá sem félagið er aðili að, Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt, er Brynja Skarphéðinsdóttir. Hún hefur einnig umsjón með félagslegri fræðslu hjá féluginu. Anna Júlisdóttir sér um öll starfs- og tómstundanámskeið sem Eining-Iðja stendur fyrir.

Á síðasta ári fengu alls 700 félagsmenn, 424 konur og 276 karlar, einstaklingsstyrki úr sjóðunum. Þetta er 40 fleiri en árið áður. Upphæðin sem þau fengu var rúmlega 2,5 milljónum króna hærri en árið áður, eða kr. 22.989.194.

## Aldursdreifing styrkþega

Aldur	Fjöldi
17-20 ára .....	76
21-30 ára .....	281
31-40 ára .....	124
41-50 ára .....	119
51-60 ára .....	81
61-70 ára .....	19

Hvaða námskeið eða nám er um að ræða?	
Íslenska fyrir útlendinga .....	46
Tölvunám/námskeið .....	7
Aukin ökuréttindi .....	17
Bílpróf .....	20
Tungumálanám .....	33
Framhaldsnám .....	108
Háskolanám .....	124
Tómstundanámskeið .....	59
Starfsnám .....	172
Annað .....	134
<i>Hverjir sóttu námskeiðin?</i>	
Almenni markaðurinn .....	436
Sveitafélög .....	248
Ríkið .....	16

## Leikhús

125 félagsmenn sem eru lífeyrisþegar fóru í boði félagsins og sáu leikritið „Sex í sveit“ sem Leikfélag Ólafsfjarðar sýndi í Tjarnarborg.

## Orlofsmál



Árið 2012 var áætlað að fara í þrjár ferðir eins og venjulega. Vegna líttillar þátttöku þurfti að hætta við utanlandsferð sem fara átti til Þýskalands og Póllands, en ákveðið var að bjóða upp á aðventuferð til Kaupmannahafnar.

- 23 fóru í aðventuferð til Kaupmannahafnar.
- 43 fóru í Fjallaferðina þar sem farið var um Vesturland og Vestfirði.
- 35 fóru í eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn til Hríseyjar.

### „Vika að eigin vali“

Á árinu 2012 voru í boði 200 styrkir sem kallast „Vika að eigin vali“ Hver styrkur er að upphæð kr. 16.000 og voru þeir vel nýttir af félagsmönnum.

### Orlofshús og orlofsíbúðir

Tæplega átján orlofshús og sex orlofsíbúðir voru í eigu Einingar-Iðju í fyrra. Félagið á einnig tvær sjúkraíbúðir í Reykjavík. Á árinu keypti félagið 10% hlut sem Vörubílstjórafélagið Valur átti í Tjarnargerði og á því nú 90%. Einnig var nýtt og

glæsilegt orlofshús félagsins í Svignaskarði tekið í notkun vorið 2012. Nú standa yfir framkvæmdir á íbúð félagsins á Egilsstöðum. Hún verður öll tekin í gegn að innan, fyrir utan eldhús sem tekið var í gegn fyrir nokkrum árum. Íbúðin verður því glæsileg þegar hún fer aftur í leigu næstu sumar.



Íbúðir félagsins í Reykjavík eru alltaf í notkun og komast færri að en vilja þrátt fyrir fjölgun þeirra á undanförnum árum. Eining-Iðja á nú sjö íbúðir í Reykjavík, en tvær þeirra eru notaðar sem sjúkraíbúðir.

Með viku fyrirvara er hægt að panta lín á sængur og kodda hjá umsjónarmanninum í Reykjavík. Allar upplýsingar um leiguna koma fram á samningi sem viðkomandi fær þegar hann leigir íbúð hjá félaginu.

**Gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum félagsins því dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp. Fram kemur í leigusamningi að leigutaki skuldbindi sig til að borga kr. 25.000 sekt ef þessi regla er brotin.**

### Nýting orlofshúsa 2012

Auk þeirra húsa og íbúða sem Eining-Iðja á var félagið með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum og að auki tók félagið á leigu nokkur hús. Nýting húsa í fyrra má sjá í eftirfarandi töflum.

### Skiptihús

Einarsstaðir (2) .....	22
Munaðarnes (2) .....	22
Klifabotn í Lóni (1) .....	10
Brekkuskógr (2) .....	21
Ölfusborgir (1) .....	11
Úlfljótsvatn (1) .....	6

### Sumarvikur

<b>Leiguþús</b>	<b>Sumarvikur</b>
Blönduós (1).....	10
Súðavík (1) .....	7
Bjarteyjarsandur (1) .....	9
Garðshorn (1) .....	9

<i>Hús í eigu félagsins</i>	<i>Sumar</i>		<i>Vetrar</i>	
	<i>vikur</i>	<i>helgar</i>	<i>vikur</i>	<i>helgar</i>
Illugastaðir (5) (14 yfir veturinn) .....	61	11	29	235
Flókalundur í Vatnsfirði (1) .....	12	2		
Einarsstaðir (1) .....	12			
Svignaskarð (1) .....	14		3	5
Tjarnargerði (0,9) .....	15		4	36
Reykjavík (5) .....	74		160	14
Egilsstaðir (1) .....	13		4	8

## Fundir hjá félagini

Fjölmargir fundir voru haldnir á síðasta starfsári. Þrí fundir voru haldnir í trúnaðarráðinu þar sem m.a. var fjallað um atvinnuástandið á svæðinu, stöðuna í samningamálunum, uppstillingu í stjórnum og trúnaðarráð og fulltrúa á þing.



Á fyrsta fundi trúnaðarráðs mætti Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, og hélt fróðlegt erindi um atvinnuástandið á svæðinu, styrkleika þess og framtíðarhorfur. Þorvaldur sagði líka frá hlutverki AFE og hvað þau hafa verið að gera að undanförnu. Einnig fjallaði hann aðeins um hvaða áhrif framkvæmdir á Bakka og Grímstöðum geta haft á atvinnuástandið hjá okkur hér. Í máli hans kom fram að það séu mörg og mikil tækifæri til uppbryggingar í Eyjafirði á næstu árum.

Á fund tvö var ákveðið að boða líka alla trúnaðarmenn félagsins, svæðisfulltrúa og varamenn og stjórnir deilda félagsins. Á fundinn kom Sigríður Ólafsdóttir, frá Capacent Gallup, og kynnti niðurstöður launa- og þjónustukönnunar sem gerð var í samstarfi við AFL starfsgreinafélag á austurlandi. Einnig kom Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, á fundinn og fór yfir stöðu samningamála fyrir endurskoðun sem fram fór í janúar sl.

Á þriðja fundi nefndarinnar flutti Þórleifur Stefán Björnsson, formaður Samtaka atvinnurekanda Akureyri og framkvæmdastjóri Tplús hf. mjög fróðlegan og góðan fyrirlestur um Samtök atvinnurekenda. Hann fjallaði um upphaf

samtakana, sem stofnað var árið 2010, og sagði m.a. af hverju samtökin voru stofnuð. Hann sagði líka frá hvernig til hefði tekist, m.a. með því að efla nýsköpun, og sagði frá málum sem samtökin hefðu beitt sér í eins og t.d. Vaðlaheiðargöngin, hækkan skatta á ferðapjónustuna o.fl.

Tveir fundir hafa verið í samninganefnd á starfsárinu. Á þeim fyrri fór fram létt kynning á samninganefndarmönnum, en ný samninganefnd var kosin á fundi trúnaðarráðs þann 20. febrúar sl. Á fundinum fór einnig fram umræða um fyrirkomulag undirbúnings félagsins fyrir næstu samningu. Fundaplan næstu mánaða var jafnframt kynnt og samþykkt. Á fundi tvö fór fram undirbúningur skoðanakönnunar sem fram fer á meðal félagsmanna á vinnustöðum eins og fyrir síðstu kjarasamninga

Uppstillingarnefnd hélt tvö fundi. Eins og undanfarin ár gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

Almennir félagsfundir voru haldnir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar á árinu og voru kosnir svæðisfulltrúar á Ólafsfirði og Grenivík, en svæðisfulltrúar eru sjálfkjörnir í aðalstjórn félagsins.



Í haust héldu nokkrir starfsmenn Einingar-Iðju og pólskur túlkur til Grímseyjar, fóru þar í vinnustaðaheimsóknir og héldu almennan félagsfund. Þarna voru á ferð Björn Snæbjörnsson, formaður félagins, Anna Júlíusdóttir varaformaður, Anna Guðný Guðmundsdóttir, verkefnastjóri og rádgjafi hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði,

Ásgrímur Örn Hallgrímsson, upplýsingafulltrúi félagsins, og Radoslaw Dudziak, starfsmaður Alþjóðastofu á Akureyri sem túlkaði yfir á pólsku.

Ferðin tók two daga. Fyrri daginn flaug hópurinn til eyjarinnar með Norlandair, fór í vinnustaðaheimsóknir og hélt fund um kvöldið í félagsheimilinu. Seinni daginn var einnig farið í vinnustaðaheimsóknir og svo var siglt aftur á fastalandið með Sæfara.

Á öllum þeim stöðum sem litið var á voru móttökur góðar og fundurinn sem haldinn var tókst mjög vel. Björn sagði að það væri allt of langt síðan félagið hefði haldið almennan félagsfund í eyjunni, en tók jafnframt fram að það mun ekki líða jafn langur tími þar til sá næsti verði haldinn.

Þá er búið að halda á milli 30 til 40 vinnustaðafundi. Á annað þúsund félagsmenn hafa mætt á þá.

Ellefu fundir voru haldnir í stjórn félagsins þar sem fjölmörg mál voru tekin fyrir, m.a. samningar, fjármál félagsins og önnur mál er varða félagsstarfið í heild. Margir aðrir fundir voru haldnir, t.d. vinnustaðafundir og fræðslufundir. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa fundi fyrir hönd þess.

#### *Helstu mál sem tekin voru fyrir á stjórnarfundum félagsins:*

Á fyrsta fundi stjórnar, þann 29. maí, var farið yfir stöðuna í samningamálum við Becromal. Farið var yfir drög frá SGS um stefnu ASÍ í lífeyrismálum. Sagt var frá aðalfundum orlofsbyggðanna á Illugastöðum, Flókalundi og Einarstöðum. Kynntar ráðningar í afleysingar hjá félaginu næsta sumar. Sagt var frá að miðstjórn ASÍ hefði samþykkt ný lög félagsins. Einng var sagt frá vettvangsferðum sem Björn, Sigrún og Ásgrímur fóru í um Suðurland, Vesturland og Austurland og kíktu á ástand orlofshúsa sem félagið á, er með í leigu eða skiptum. Ákveðið var að senda áskorun

á alþingismenn þar sem þeir voru hvattir til að samþykka fjármögnum Vaðlaheiðarganga. Í lok fundar færði Björn Matthildi blómvönd og þakkaði henni fyrir vel unnin störf í stjórn félagsins, en hún var að sitja sinn síðasta stjórnarfund.

Á fundi þann 25. júní var kynnt að breytingar yrðu á starfsmönnum hjá VIRK þar sem Bjarki hefði sagt upp störfum. Ákveðið að fá Capacent Gallup

til auglýsa starfið og hafa umsjón með ráðningaráferlinu. Á fundinum var einnig samþykkt að uppfæra heimasíðu félagsins og skipta yfir í Moya vefumsjónarkerfið.

Sagt var frá hugmynd um að félagið fengi spildu úr landi Illugastaða til að láta útbúa tjaldsvæði og var samþykkt að láta gera skyssu af svæðinu og fá kostnaðaráætlun.

Lagt var fram bréf frá ASÍ-UNG þar sem starfsemi þeirra var kynnt og félög hvött til að kynna starfsemi þeirra fyrir ungum félagsmönnum. Ákveðið að Ásgrímur Örn Hallgrímsson verði tengiliður við sambandið og að jafnframt verði haldinn fundur með ungum félagsmönnum vegna þessa.



Skipað var í sex manna nefnd úr hópi trúnaðarmanna vegna starfsdags trúnaðarmanna og annarra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið. Nefndinni, ásamt Birni og Ásgrími, var falið að koma með hugmyndir að dagskrá dagsins.

Á fundinum var kynnt bréf frá ASÍ þar sem tilkynnt var að þing sambandsins yrði haldið í Reykjavík dagana 17. til 19. október.

Umræður urðu um orlofshús félagsins og orlofskosti, m.a. Tjarnargerði og Ölfusborgir.

Í lok fundar sagði Ásgrímur frá ráðstefnu sem hann sat fyrir hönd SGS á Skagen í Danmörku. Þar voru rædd málefni ungs fólks í veitingagreinum og hvað samböndin á Norðurlöndunum væru að gera í þeim málaflokki.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, kom á fund stjórnar þann 3. september. Hann var á fundarferð um landið til að hitta stjórnir félaga sem eiga aðild að ASÍ. Hann var með þessu að heyra í grasrotinni og fá áherslur þeirra og væntingar auk þess að kynna áherslur í starfi ASÍ. Hann kom einnig inn á endurskoðun kjarasamninga.

Á fundinum var skýrt frá því hver var ráðinn í starf sem ráðgjafi hjá VIRK, en 32 umsóknir bárust. Einnig var rætt nánar um hugmyndina um að setja á fót tjaldsvæði á Illugastöðum.

Ákveðið var að fá MFA til að halda námskeið fyrir stjórnarmenn og lykilstarfsmenn félagsins þar sem farið verður m.a. yfir skyldur stjórnar-



manna og eðlileg afskipti af málefnum starfsseminnar. Þá verður farið yfir framtíðarsýn í ýmsum málefnum félagsins t.d. deildir, trúnaðaráð, skrifstofuhald, sjúkrasjóð, orlofssjóð og vinnudeilusjóð. Einnig var samþykkt að hafa fræðsluhelgi fyrir starfsmenn félagsins í byrjun næsta árs.

Á fundinum var valinn fulltrúi félagsins sem fer á þing ASÍ-UNG sem fór fram 14. september sl. Ákveðin var dagsetning og staðsetning fyrir árlegan starfsdag félagsins. Einnig var samþykkt að halda trúnaðarráðsfund vegna fulltrúa félagsins á þing ASÍ.

Stjórnin staðfesti á fundinum kaup félagsins á 10% hlut Vörubílstjórafélagsins Vals í Tjarnargerði.

Lagt var fram bréf sem sent verður á alla trúnaðarmenn félagsins þar sem þeir eru hvattir til að halda vinnustaðafundi.



Lagt var fram bréf frá Starfsgreinasambandi Íslands vegna úttektrar á tekstri og starfi félagsins. Þar kom m.a. fram að þegar starfsemi, þjónusta og rekstur Einingar Iðjur er skoðaður er ljóst að félagið er vel rekið og það veitir félagsmönnum sínum almennt mjög góða þjónustu og réttindi. Á fundi þann 19. september var ákveðið að fara aftur í samstarf við AFL starfsgreinafélag og gera sameiginlega launakönnun fyrir árið 2012 eins og gert var á árinu 2011. Þetta var gert þar sem mjög góðar upplýsingar komu úr þeirri könnun, einnig var samþykkt að gera slíka könnun á árinu 2013.

Á fundinum var fjallað um fyrirhugaðar viðræður SGS við NPA um samning fyrir störf sem falla undir notendastýrða persónulega þjónustu. Samþykkt var að veita SGS umboð til þess að gera slíkan samning og var Björn tilnefndur í samninganefnd fyrir hönd félagsins.

Á fundi stjórnar þann 15. október var sagt frá fulltrúaráðsfundi Alþýðusamband Norðurlands sem fram fór 5. október. Kynnt var dagskrá fyrir starfsdag félagsins og farið yfir yfirlit vegna úttektar SGS á því hvernig félagið stæði miðað við önnur félög innan sambandsins. Þar kom m.a.

fram að félagið var með bestu ávöxtun á peningalegar eignir á árinu 2011 innan SGS.

Ásgrímur för yfir stöðuna á könnun sem unnin er í samsarfíð við AFL og för yfir breytingar á spurningalistu frá fyrri könnun. Hann kynnti einnig nýja heimasíðu félagsins og sagði frá nýjum möguleikum sem skapast með henni, eins og innri vef stjórnar.

Kynnt var ákvörðun ferðanefndar félagsins á ferðum árins 2013, farið var yfir gögn sem lögð verða fram á þingi ASÍ og Björn sagði einnig frá vinnuferð sem farin var til Grímseyjar þar sem farið var í vinnustaðaheimsóknir og haldinn kynningarfundur um félagið og VIRK.

Á fundi 21. nóvember var lagt fram yfirlit yfir stöðu sjúkrasjóðs fyrstu 10 mánuði ársins og urðu miklar umræður um stöðu hans. Umræður urðu um afsláttarkort AN og ákveðið að láta trúnaðarmenn félagsins dreifa þeim á vinnustöðum þegar þau verða klár.

Á fundinum var samþykkt erindi frá Mæðra-styrksnenfd þar sem óskað var eftir stuðningi félagsins fyrir jólin. Samþykkt var að veita styrk að upphæð kr. 600.000. Einnig var samþykkt að veita Aflinu styrk að upphæð kr. 100.000 í tilefni af 10 ára afmæli þeirra.

Tillaga að uppstillingarnefnd fyrir næsta starfs-ár var samþykkt sem og fjöldi fulltrúa eftir svæðum og deildum.

Greint var frá því að samkomulag hefði náðst við Dalvíkurbyggð um skipti á svæðum á annarri og þriðju hæð ráðhússins á Dalvík.

Anna sagði frá málþingi sem SGS hélt um ræstingu. Mikið var rætt um stöðu mála og ekki síst um framtíðina. Árni Steinar Stefánsson, sérfræðingur hjá SGS, kynnti þjónustu SGS varðandi mælingar og að lokum var skipt í hópa og málin rædd. Frá félaginu fóru Björn og Anna ásamt Jóhönnu Baldursdóttur starfsmanni ISS. Málþingið tókst mjög vel.

Björn sagði frá bréfi sem kom frá ASÍ-UNG þar sem þeir bjóða aðstoð við að stofna vettvang ungs fólks innan félagsins. Samþykkt að boða til fundar þar sem formaður og varaformaður ASÍ-UNG verða fengin til að koma og kynna málið

Sigríður Ólafsdóttir, frá Capacent Gallup, kom á fund stjórnar þann 18. desember og kynnti niðurstöður launa- og þjónustukönnunar sem Capacent Gallup gerði fyrir Einingu-Iðju og AFL starfsgreinafélag. Á fundinn kom einnig Sigrún Lárusdóttir, skrifstofu-stjóri félagsins og formaður stjórnar sjúkrasjóðs, en rædd var staða sjóðsins.

Björn sagði frá þremur fundum sem fram fóru í lok nóvember og byrjun desember með trúnaðarmönnum og þeim sem eru í trúnaðarráði félagsins

í hverri deild fyrir sig og kynnti niðurstöður úr hópavinnu í sambandi við endurskoðun kjarasamninga sem fram fór á þeim. Einnig sagði hann frá formannafundi SGS sem fram fór 4. desember á Selfossi og formannafundi ASÍ sem haldinn var 13. desember þar sem rætt var um endurskoðun kjarasamninga.



Sagt var frá opnu húsi hjá féluginu 15. desember, en þá var opið á skrifstofum félagsins og boðið upp á súkkulaði, kaffi og piparkökur. Á öllum stöðunum var boðið upp á skemmtiatriði sem tókust mjög vel. Það eina sem var að er það hefðu fleiri félagsmenn mátt mæta.

Björn sagði að búið væri að ganga frá kaupum og sölu í sambandi við pláss á annarri og þriðju hæð Ráðhússins á Dalvík við Dalvíkurbyggð. Hann sagði einnig frá samkomulagi sem félagið gerði við Samherja um jólabónus fyrir starfsmenn í landi til viðbótar umsaminni desemberuppbót, Gjögur á Grenivík hefði ákveðið að greiða starfsmönnum afkomubónus, að Ramminn á Siglufirði hefði greitt viðbótargreiðslu í desember og að fleiri fyrirtæki á svæðinu hefðu ákveðið að greiða starfsmönnum bónusa í desember.

Ákveðin var tímasetning á aðalfundum svæðisráða, aðalfundum deilda og aðalfundi félagsins.

Á fundi 24. janúar var farið yfir mál sem lögfræðingar félagsins eru að vinna í fyrir félagsmann, í góðri samvinnu við ASÍ. Ákveðið var að fara með málið fyrir hæstarétt. Rekstraráætlun fyrir árið 2013 var lögð fram, skýrð og samþykkt. Tekin fyrir og samþykkt tillaga um leiguverð á orlofshúsum félagsins næsta sumar.

Björn sagði frá því að haldinn hefði verið fundur á meðal félaga sem eiga aðild að Landsmennt þar sem fram kom að nauðsynlegt væri að félöginn greiddu inn ákveðna aukaupphæð í sjóðinn vegna þess að mikil ásókn er í sjóðinn. Erindið var samþykkt.

Lagt var fram samkomulag sem ASÍ og SA gengu frá þann 21. janúar þar sem m.a. er gert ráð fyrir því að samningur aðila gildi til 30. nóvember 2013. Farið var yfir dagskrá sem verður á starfsdegi stjórnar á Illugastöðum og ákveðin var

ný dagsetning á starfsdeginum sem vera átti í nóvember en þurfti að fresta vegna slæms veðurs.

Sagt var frá því að þann 6. febrúar hefði Jón Ingimarsson, fyrrverandi formaður Iðju, orðið 100 ára. Af því tilefni verður haldin ráðstefna til minningar um hann. Um skipulagningu hennar sér Þorsteinn E. Arnórsson, fyrir hönd félagsins, og börn Jóns.

Á fundinum var tekin sú ákvörðun að félagið myndi færa öllum bókasöfnum og skólum á starfssvæðinu glænýtt tveggja binda ritverk um Sögu ASÍ.

Róbert Þorsteinsson, nýkjörinn svæðisfulltrúi Grytubakkahrepps, sat sinn fyrsta stjórnarfund 26. febrúar. Þar var lagt fram samkomulag sem SGS og SÍS gengu frá þann 13. febrúar. Í því er m.a. gert ráð fyrir að samningur aðila gildi til 30. apríl 2014, einnig var lagt fram samkomulag milli SGS og ríkisins frá 19. febrúar. Þar sem gert er ráð fyrir því að samningur aðila gildi til 31. janúar 2014. Báðir þessir samningar styttast um 2 mánuði.

Ákveðið var að ráðast í framkvæmdir á íbúð félagsins á Egilsstöðum og taka hana í gegn að innan. Verkinu á að vera lokið fyrir sumarið.

Rætt var um eign sem félagið á í Ráðhúsinu á Dalvík, þ.e. þann hluta sem leigður er út af féluginu. Einnig var rætt um verðlagseftirlit ASÍ og kostnað félagsins við það.

Farið var yfir niðurstöður starfsdags stjórnar sem haldinn var á Illugastöðum í febrúar. Skipuð var nefnd sem í eiga sæti formenn deilda og er henni ætlað að skoða ýmis mál er varða deildirnar. Ásgrímur var skipaður starfsmaður nefndarinnar.

Á starfsdeginum á Illugastöðum var mikil rætt um að rita sögu félagsins og flestir sammála um að nauðsynlegt væri að ráðast í það verk. Ákveðið var að kanna málið nánar.

Skipað var í nefnd til að endurskoða reglugerð sjúkrasjóðs og einnig var skipað í uppstillinganefnd ráða og nefnda fyrir aðalfund, þar á meðal á aðalfund Stapa.

Björn greindí frá því að ásókn í Virk ráðgjöf væri svo mikil að myndaðist hefði biðlisti og í samráði við Virk hefði Águst Óskarsson, ráðgjafi hjá Virk á Húsavík, verið ráðinn í 20% starf í þrjá mánuði.

Í lok fundar þakkaði Björn Marsibil E. Kristjánsdóttur fyrir hennar mikla og góða starf innan félagsins, en hún er hætt sem svæðisfulltrúi Grytubakkahrepps.

Á fundi þann 21. mars kynnti Hermann Brynjarsson, endurskoðandi félagsins, reikninga félagsins fyrir síðasta ár. Fram kom að halli ársins eru rúmar 20,7 milljónir og er það að mestu vegna mikillar ásóknar í sjúkrasjóð, en halli á honum eru

rúmlega 17,6 milljónir. Einnig var mikill kostnaður við viðhald á orlofshúsum o.fl. Að teknu tilliti til fjármagnsliða er afgangurinn tæplega 3,6 þrjár milljónir króna. Stjórnin samþykkti reikningana og skrifadaði undir þá.

A fundinum var aftur rætt um söguritun félagsins og var ákveðið að leggja fram tillögu um málið á aðalfundi félagsins. Farið var yfir starfsdaginn sem fram fór á Siglufirði. Þarna mættu rúmlega 100 manns og fannst stjórnarmönnum vel til takast. Aðstaða og öll umgjörð var eins og best gerist. Lögð voru fram drög að niðurstöðum hópanna sem Ásgrímur tók saman. Ákveðið að skoða niðurstöðurnar nánar á næsta fundi stjórnar.

Rætt var um fundarboð sem kom vegna aðalfundar Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum og einnig var rætt um hugmyndir að endurbótum á húsnaði félagsins á Akureyri. Einnig var farið yfir dagskrá og gögn sem stjórnin mun leggja fram á aðalfundi félagsins þann 16. apríl.

Tekið var fyrir erindi frá Krabbameinsfélagi Akureyri um styrk til að geta haldið áfram að niðurgreiða húsnæði fyrir þá sem þurfa að fara í meðferð til Reykjavíkur. Ákveðið var að veita félagini styrk að upphæð kr. 350.000 fyrir árið 2013 og einnig sömu upphæð á árunum 2014 og 2015.

Á síðasta fundi stjórnar fyrir aðalfund þann 8. apríl sl. var m.a. farið aftur yfir dagskrá og gögn fyrir aðalfund félagsins. Sagt var frá bréfi frá Stapa þar sem sagt var frá því að ársfundur sjóðsins verður 16. maí og að félagið eigi rétt á 31 fulltrúa.

Aftur var rætt um hugmyndar að endurbótum á skrifstofu félagsins á Akureyri. Rætt var um að skoða með að leigja eina íbúð í Reykjavík þar sem eftirsprungur er mikil.

Í lok fundarins þakkaði formaður Stefáni Aðalsteinssyni fyrir störfin í stjórninni og færði honum blómvönd en á næsta aðalfundi fellur út að varaformaður stærstu deildarinnar sé í aðalstjórn.

#### *Aðalfundir starfsgreinadeilda*

Aðalfundir starfsgreinadeilda fóru fram 7. febrúar sl. og var sama fyrirkomulag á fundunum eins og undanfarin ár. Í byrjun voru allar deildirnar þrjár saman á fundi þar sem sem Davíð Kristinsson, Heildrænn Heilsuhjálfsari, var með mjög fróðlegt fræðsluerindi um hreyfingu og mataræði.

Að erindi loknu var boðið upp á kaffiveitingar og svo hélt hver deild fyrir sig sinn aðalfund, hver á sínum stað í húsinu. Þar fóru fram venjuleg



aðalfundarstörf. Allir þessir fundir tókust vel en voru misvel sóttir, eins og alltaf.

Formenn deilda og varaformaður stærstu deildarinnar hafa verið sjálfkjörin í stjórn félagsins, en eftir aðalfund 2013 á það aðeins við um formenn deilda. Varaformenn eru sjálfkjörir í trúnaðarráð.

#### *Fraðsludagur félagsins*

Föstudaginn 15. mars sl. hélt Eining-Iðja sinn árlega fræðsludag fyrir starfsmenn, trúnaðarmenn og aðra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið. Í ár var dagurinn haldinn á Kaffi Rauðku á Siglufirði. Rúmlega 100 félagar tóku þátt í deginum sem tókst í alla staði mjög vel. Dagskrá dagsins var blanda af fyrilestrum og hópavinnu. Sérstakur gestur fundarins var Drífa Snaðal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands.



Fyrir hádegi flutti Sigríður Arnardóttir fjölmíðlakona, betur þekkt sem Sirrý frábæran fyrirlestur sem bar nafnið Að standa á sínu og láta rödd sína heyrast. Næst sagði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, frá styrkjum úr sjúkrasjóði og fræðslustyrkjum sem félagsmenn geta fengið.

Etir léttan hádegisverð sem starfsmenn Kaffi Rauðsku sáu um flutti Hjörtur Hjartarson, félagsmálastjóri í Fjallabyggð, fyrirlesturinn Úrræði sveitarfélaga eftir að atvinnuleysisréttur klárast – sorgin eða sveitin. Því næst steig Elsa Sigmundsdóttir, verkefnastjóri og rádgjafi hjá VIRK á svæðinu, í pontu og sagði frá árangri í starfsendur-

hæfingu Virk. Aðalsteinn Bergdal leikari sem lenti í mjög alvarlegu bílslysi á árinu 2011 mætti á fræðsludaginn og sagði frá sinni upplifun af Virk og hvernig honum finnst þjónustan vera. Alli sagði að kvöldið áður þegar hann var að hugsa um erindið hefði hann spurt sig hvað Virk hefði gert fyrir hann. Stutta útgáfan er Allt, takk fyrir mig. En í aðeins lengra máli þá sagði hann að Virk hefði verið sér eins og góð móðir. Verið honum hvatning til að standa sig, t.d. með góðri eftirfylgni. Alli sagði að jákvæður vilji og jákvætt hugarfar verði að vera með til að árangur náist og það gerir Virk. Vinnan er á jákvæðum nótum og hann mæli hiklaust með Virk við alla sem þurfa áðstoð að halda.

Í síðasta fyrirlestri dagsins fjallaði Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands, um sambandið. Síðasti liður í formlegrí dagskrá var hópavinnna. Þá var öllum skipt upp í hópa þar sem rætt var um þjónustu félagsins. Eyrún Björk Valsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar ASÍ og Skólastjóri Félagsmálaskóla alþýðu, hafði yfirumsjón með hópavinnunni.

Að lokinni hópavinnu kynntu forsvarsmenn Rauðku fyrir hópnum starfsemi sína og áætlanir um frekari uppbyggingu á svæðinu. Til dæmis kom fram að nýlega var tekin fyrsta skóflustungan að nýju hótel, Hótel Sunnu, sem fyrirtækið er að reisa.

#### Fundir og ársfundir

Í maí var haldinn aðalfundur STAPA og framhaldsping SGS. Í september fór fram þing ASÍ-UNG og í október var haldið 40. þing ASÍ. Eining-Iðja átti að sjálfsögðu fulltrúa á öllum þessum stöðum og verður hér á eftir farið í örstuttu máli yfir það helsta sem gerðist á þessum fjórum samkomum.

#### Aðalfundur STAPA

Aðalfundur Stapa var haldinn 8. maí 2012 á Hótel Heraði á Egilsstöðum og átti félagið þar rétt á 37 fulltrúum. Björn Snæbjörnsson er fulltrúi félagsins í stjórn sjóðsins.



Tryggingafræðileg staða sjóðsins var neikvæð um 7,5% í árslok 2011. Fyrir fundinn lá tillaga stjórnar um að lækka áunnin réttindi um 7,5% og var hún samþykkt með miklum meirihluta atkvæða. Með þessari aðgerð er tryggingafræðileg staða sjóðsins góð og ekki líkur á að til frekari breytinga þurfi að koma á næstunni.

Samtals hafa réttindi í sjóðnum verið lækkuð um 13,5% frá hruni, en fyrir hrún höfðu réttindi verið hækkuð aukalega um 14,75%. Tillagan var lögð fram því stjórn sjóðsins taldi rétt að stíga verulegt skref til að jafna mun á eignum og skuld-bindingum, með því að lækka réttindi. Réttindi sjóðfélaga munu alltaf ráðast af eignum á hverjum tíma og lítil innistæða er fyrir loforðum um réttindi, sem eru talsvert hærri en eignir standa undir. Að mati stjórnarinnar var því réttara að jafna þennan mun að mestu nú, fremur en að ferðast með hann inn í framtíðina, sem bitnar á þeim sem nú eru virkir greiðendur.

Fjárfestingartekjur ársins námu ríflega 6 milljörðum króna. Ávoxtun Tryggingardeildar sjóðsins á árinu nam 5,2%. Ávoxtun á söfnum Sér-eignardeildar var á Safni I 9,9%, á Safni II 5,0% og á Safni III 8,3%. Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok 117,1 milljarður króna og hækkaði um 7,4% á milli ára.

Alls greiddu 18.320 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu og námu iðgjaldagreiðslur tæpum 6 milljörðum kr. og hækkuðu um 8,4% frá fyrra ári. Samtals eiga um 80 þúsund manns réttindi í sjóðnum. Lífeyrisgreiðslur ársins námu 3,6 milljörðum og hækkuðu um 10,4% frá fyrra ári.

Á heimasíðu Stapa, [www.stapi.is](http://www.stapi.is), má fá frekari upplýsinga um starfsemi sjóðsins. Á sjóðfélagavefnum þeirra geta sjóðfélagar og rétthafar séreignar einnig skoðað eigin stöðu hjá sjóðnum.

#### Þing ASÍ-UNG

Annað þing ASÍ-UNG fór fram í Reykjavík 14. september sl. Birgitta Sif Jónsdóttir var fulltrúi Einingar-Iðju á þinginu. Húsnaðismál ungs fólks var aðal umfjöllunarefnið á þinginu og var málið rætt ítarlega í vinnuhópum sem fjölluðu annars vegar um fyrstu kaup og hins vegar um leigumarkaðinn. Á þinginu var samþykkt ályktun um húsnæðismál eftir fjörugar umræður.

Ný heimasíða ASÍ-UNG, [www.asiung.is](http://www.asiung.is), var opnuð á þinginu. Vefsíðunni er ætlað að vera upplýsingabrunnur fyrir ungt fólk þar sem fróðleikur um réttindi og skyldur á vinnumarkaði er settur fram á snarpan og aðgengilegan máta. Á síðunni er einnig að finna fréttir sem eiga erindi við ungt launafólk.

### Framhaldsþing SGS

Framhaldsþing SGS var haldið 10. maí 2012. Á þinginu voru samþykkt ný lög sambandsins þar sem umtalsverðar breytingar voru gerðar á stjórnskipulagi, hlutverki og starfsemi þess. Að auki voru samþykktar fjórar nýjar reglugerðir sem er ætlað að styrkja starfsemina, efla upplýsingamiðlun SGS og skilgreina verkaskiptingu milli aðildarfélaganna og sambandsins. Á þinginu var Björn Snæbjörnsson kjörinn formaður sambandsins og Hjördís Þ. Sigurþórssdóttir varaformaður, en þau hafa bæði gengt umræddum embættum frá því vorið 2011.

Niðurstaða þingsins var afrakstur mikillar vinnu sem fram fór á vegum sambandsins. Haustið 2011 var ákveðið að ráðast í gagngera endurskoðun á hlutverki, starfsemi, stjórnerfi, rekstri og lögum sambandsins. Tillögur starfshóps sem skipaður var á þingi SGS í október 2011 voru lagðar fram fyrir framhaldsþingið og samþykktar. Ein veigamesta breytingin er að vægi formannafunda er aukið og skulu þeir haldnir að lágmarki 3-4 sinnum á ári. Þá er fækkað í framkvæmdastjórn sambandsins úr þrettán í sjö.

### 40. þing ASÍ

Dagana 17. til 19. október sl. fór fram 40. þing ASÍ. Tíu fulltrúuar frá Einingu-Iðju sátu þingið sem bar að þessu sinni yfirskriftina „Atvinnu og velferð í öndvegi.“ Helstu áherslur þingsins voru atvinnu-, húsnaðis- og lífeyrismál, en auk þess voru tillögur að breytingum á lögum og reglugerðum ASÍ teknar til umfjöllunar. Á þinginu voru samþykktar nokkrar ályktanir.



Sjálfkjörið var í miðstjórn ASÍ en þar kom aðeins fram ein tillaga og var hún frá uppstillingarfefnd. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju, situr því áfram í miðstjórn í ASÍ.

Í aðdraganda þingsins var jafnréttisstefna og aðgerðaáætlun sambandsins endurskoðuð og samþykkt á miðstjórnarfundi. Í stefnunni er lögð áhersla á innleiðingu jafnlaunastaðalsins til að vinna gegn launamuni kynjanna og virkja bæði

kyn til þáttöku á öllum sviðum samfélagsins og innan vébanda hreyfingarinnar.

### Framkvæmdir hjá félagini

Nýtt orlofshús var tekið í notkun á Svignaskarði og framkvæmdum lauk á Einarsstöðum. Þar var verið að leggja hitaveitu í öll hús á svæðinu. Ennfremur var farið í almennt viðhald, í orlofshúsum og íbúðum, þar sem alltaf er þörf endurbóta.

### Þjónusta á skrifstofum félagsins

Mikið á lagi var á skrifstofur félagsins eins og undanfarin ár. Starfsmenn fá margar spurningar varðandi kaup og kjör, en slíkum fyrirspurnum hefur fjölgæð mjög undanfarin ár. Greinilegt er að fræðsla fyrir unga fólkid er að skila sér, en undanfarin áratug hefur félagið beitt sér fyrir fræðslu í öllum tíundabekkjum á Eyjafjarðarsvæðinu og í öllum 1. bekkjum í Verkmenntaskólanum á Akureyri.

Nokkuð mörg mál eru í gangi varðandi innheimtu á félagsgjöldum. Því miður koma upp á hverju ári mál er varða einelti og kynferðislega áreitni á vinnustöðum og eru þessi mál þau erfiðustu sem starfsmenn félagsins koma að.

Á skrifstofur félagsins og í gsm síma formanns var hringt inn yfir 20.000 símtöl síðastliðna 12 mánuði, þ.e.a.s. um 1.730 á mánuði eða um 80 símtöl að meðaltali á dag, alla virka daga sem opið er.

Miðasala í Hvalfjarðargöng er þjónusta sem félagið býður upp á og er heilmikið notuð. Hver miði er seldur á kr. 635.

Mikið hefur mætt á lögfræðingi félagsins bæði varðandi launakröfur, gjaldþrot og aðstoð við starfsmenn við að túlka samninga.

Rétt er að minna á samning sem félagið er með við PACTA lögmenn, en þeir sjá um alla lögfræðipjónustu fyrir félagið. Starfsmönnum félagsins er heimilt að bjóða félagsmönnum sínum að leita viðtals og ráðgjafar hjá PACTA vegna ágreinings þeirra við vinnuveitendur, innheimtu launakrafna, skaðabótamála eða annarra mála, sem starfsmenn Einingar-Iðju telja rétt að bjóða viðkomandi félagsmanni. Eining-Iðja ber kostnað af þeirri þjónustu sem unnin er fyrir félagsmanninn og ekki fæst greiddur úr hendi vinnuveitanda, þrotabús hans, ábyrgðasjóði launa eða af öðrum aðilum. Algjört skilyrði er að félagsmenn hafi fyrst samband við Einingu-Iðju og er það félagsins að meta hvort málín verði vísað til lögfræðinga félagsins.

Í samningum er einnig kveðið á um að félagsmaður í Einingu Iðju, sem leitar til PACTA án þess að félagið hafi milligöngu þar um, skuli fá

15% afslátt af gildandi gjaldskrá PACTA á hverjum tíma.

### Útgáfa og kynningarmál

Félagið gaf út að venju þrjú blöð á síðasta ári; orlofsblað, summarblað og jólablað. Blöðin voru borin út á öll heimili og fyrtæki á félagssvæðinu, í rúmlega 11.000 eintökum, og hefur það mælst vel fyrir.

Ný heimasíða var tekin í gagnið á starfsárinu. Ímsar breytingar voru gerðar sem miða að því að einfalda síðuna og bæta þjónustu við félagsmenn og alla þá sem eiga erindi við félagið. Lögð er áhersla á að upplýsingar á nýju síðunni séu sem aðgengilegastar og settar fram á greinargóðan hátt.

Á heimasíðunni má m.a. nálgast gagnlegar upplýsingar um félagið, kjaramál, fræðslumál og réttindi launafólks. Áfram verður lagt mikil upp úr að hafa síðuna lifandi með fréttum. Sem áður verður hægt að skrá sig á póstlista og fá þannig nýjustu fréttir sem á hana koma beint í æð.

### Félagavefur

Vert er að minna á félagavefinn þó fjölmargir noti hann. T.d. til að nálgast ýmsar upplýsingar um stöðu sína hjá féluginu á einfaldan hátt, athuga með orlofshús og sækja um þau. Það eina sem þarf að gera er að fara inn á heimasíðuna okkar, [www.ein.is](http://www.ein.is), og smella þar á hnappinn Félagavefur. Í fyrsta sinn sem þetta er gert þarf að skrá sig og þá fær viðkomandi sendan veflykil á lögheimili sitt.

### Launagreiðendavefur

Félagið er með launagreiðendavef sem býður upp á einföldun við iðgjaldaskil og þægilegt aðgengi að upplýsingum um eldri færslur.

Í skilagreinakerfinu eru t.d. villuprófanir sem einfalda útfyllingu og ættu að tryggja enn öruggari skil en áður en hann var tekinn í gagnið. Í yfirliti fást síðan ítarlegar upplýsingar um eldri skila-greinar og greiðslustöðu.

### Vinnustaðaskírteini

Tveir starfsmenn félagsins eru eftirlitsfulltrúar með vinnustaðaskírteinum, þeir Ásgrímur Örn Hallgrímsson og Þorsteinn E. Arnórsson.

### Viðhorfskönnum

Á heimasíðu félagsins má finna niðurstöður í umfangsmikilli viðhorfskönnum sem gerð var á meðal félagsmanna Einingar-Iðju sl. haust.

Capacent sá um könnunina, en hún var gerð í samstarfi við AFL starfsgreinafélag á austurlandi og voru notaðar eins spurningar í könnunum beggja félaganna. Þetta er í annað sinn sem félagið lætur gera könnun sem þessa og nú þegar er búið að ákveða að slíka könnun verður framkvæmt í samtarfi við AFL næsta haust.

### VIRK Starfsendurhæfingarsjóður

Fjórir ráðgjafar sinna ráðgjöf fyrir félagsmenn allra stéttarfélaga í Eyjafirði.

Þetta eru þær Anna Guðný Guðmundsdóttur, Dalrós J. Halldórsdóttir, Elsa Sigmundsdóttur og Nicole Kristjánsson. Þær eru með aðsetur á skrifstofu félagsins á Akureyri.



### Afsláttarkort AN

Afsláttarkort AN var tekið í notkun í desember 2012. Kortið veitir afslátt hjá fjölmörgum fyrirtækjum. Kortið er samvinnuverkefni allra aðildarfélaga sem eru innan Alþýðusambands Norðurlands. Nú er unnið að því að bæta við fleiri fyrirtækjum og er besta að fylgjast með hverjir veita afslátt með því að fara á heimasíðu félagsins og smella á Afsláttarkort.

Trúnaðarmenn dreifðu kortinu, en þeir sem ekki hafa enn fengið kortið í hendur geta nálgast það á einhverja af skrifstofum félagsins, á Akureyri, Dalvík eða Siglufirði.

## Áritun óháðs endurskoðanda

---

### Til félagsmanna og stjórnar Einingar - Iðju.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Einingar - Iðju fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um rekstrarafkomu og efnahag, rekstrar- og efnahagsreikninga fyrir félagssjóð, vinnudeilusjóð, sjúkrasjóð, orlofssjóð, fræðslusjóð, byggingarsjóð, hússjóð Dalvíkur, hússjóð Siglufjarðar og skrifstofu, samandreginn rekstrar- og efnahagsreikning og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar, ásamt 5 ára yfirliti.

#### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórnin er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórnin er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

#### Ábyrgð endurskoðenda

